

*Alþingi
Erindi nr. P 132/656
komudagur 16.1.2006*

Nefndasvið Alþingi
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 10. janúar 2006

Umsögn

um frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.


Stjórn Sjónarhóls – ráðgjafarmiðstöðvar ses. fagnar tilkomu ofangreinds frumvarps og telur að það hafi í för með sér mikla réttarbót fyrir þann hóp foreldra sem um ræðir.


Stjórn Sjónarhóls vill þó gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

- 1) Óskýrt er hvaða börn teljist vera með langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Æskilegt væri að skilgreina langvinn veikindi og alvarlega fötlun, t.d. í 3. grein laganna.
- 2) 5. gr.: Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun annist greiðslur til foreldra. Stjórn Sjónarhóls þykir eðlilegra að fela Tryggingastofnun ríkisins að annast þessar greiðslur. Þar liggja fyrir upplýsingar um foreldrana sem hugsanlega eiga rétt á greiðslum skv. frumvarpinu og þar starfar fólk sem er vant að meta aðstæður fólks sem svipað er ástatt hjá.
- 3) 14. gr.: Upphæðin 93.000 kr. er lág í samanburði við aðrar greiðslur til foreldra vegna umönnunar barns eins t.d. í fæðingarorlofi. Auk þess dugir þessi upphæð vart til framfærslu einstaklings, hvað þá fjölskyldu. Lagt er til að greiðslur til foreldra vegna umönnunar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna verði jafnaðar við greiðslur í fæðingarorlofi.
- 4) 19. gr.: Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögin taki til þeirra barna sem greinast með langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun 1. janúar 2006 eða síðar. Að mati stjórnar Sjónarhóls liggja ekki gild rök fyrir því að foreldrar barna sem greinast fyrir 1. janúar skuli ekki njóta réttinda skv. þessum lögum.
- 5) 19. gr.: Æskilegt væri að lögin kæmu til fullra framkvæmda strax við gildistöku. Stjórn Sjónarhóls telur ekki þörf fyrir þriggja ára aðlögunartíma. Samkvæmt umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis er áætlaður árlegur heildarkostnaður af greiðslunum þegar þær verða komnar til fullra framkvæmda 160 – 170 milljónir

króna á ári. Líta má á greiðslurnar sem fjárfestingu í mannauði þar sem þær bæta lífsskilyrði bæði foreldra og barna sem njóta þeirra

Virðingarfyllst, fyrir hönd stjórnar Sjónarhóls – ráðgjafarmiðstöðvar ses.,


Andrés Ragnarsson, formaður


Þorgerður Ragnarsdóttir, fr.kv.stj.